

Hafursá, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Loftmynd af svæðinu frá 1996

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	4
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3101

Tilgangur úttektar:
Viðbygging við uppistandi hús

Staðsetning:
Hafursá, Vellir, Múlaþing

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hafursá er getið í Droplaugarsonu sögu og eru ýmsar heimildir um minjar innan jarðarinnar, s.s. afbýli, hálfkirkju og beitarhús. Áformað er að reisa viðbyggingu við hús var reist árið 2017 sem virðist hafa verið reist á sléttu túni, vestan við vegslóða. Af gömlum myndum má sjá að svæðið hefur verið tún og eru engar minjar sjáanlegar innan þess svæðis. Svæðinu hefur nú þegar verið raskað vegna byggingar hússins sem var reist árið 2017.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða

skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson (ritstjóri). (1975). *Sveitar og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Vallnahreppi í Suður-Múlasýslu* (FSO76-98085). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsvefsjá Múlaþings.

<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Hafursá. (1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Hafursá. Skráð af Stefáni Einarssyni. Örnefnastofnun Íslands.